

Hestamannafélagið Skuggi

Aðalfundur Hmf. Skugga 26.11.2015

Í upphafi fundar eru 34 félagar mættir.

Fundargerð

1. Fundarsetning og kosning starfsmanna.

Formaður, Stefán Logi Haraldsson setti fund kl. 20:10 og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann yfir fyrirbyggjandi dagskrá og var því næst gengið til dagskrár.

Formaður bar upp tillögu um Marteinn Valdimarsson sem fundarstjóra og Kristján Þ. Gíslason sem fundarritara, var tillagan samþykkt samhljóða og tók Marteinn að því búnu við stjórn fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins fór ítarlega yfir starfsemi hmf. Skugga á liðnu starfsári og kom víða við í máli sínu. (Skýrslan í heild er í annarri skrá).

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna og gaf orðið laust um skýrsluna. Enginn kvaddi sér hljóðs og gaf fundarstjóri því næst Svanhildi Svansdóttur gjaldkera orðið.

3. Reikningar

Svanhildur Svansdóttir gjaldkeri kynnti og fór yfir reikninga fyrir starfsárið 1.10.14.- 30.9.15.

Rekstrarreikningur:

Tekjur ársins eru 9.205.527.-

Gjöld ársins eru 9.770.767.-

Tap á rekstri félagsins er því 565.240.-

Efnahagsreikningur:

Eignir eru 33.615.955.-

Skuldir eru 687.850.-

Eigið fé er 32.928.105.-

Skuldir og eigið fé 33.615.955.-

Gjaldkeri kynnti þessu næst fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Tekjur eru áætlaðar 6.700.000.-

Gjöld eru áætluð 6.500.000.-

Áætlaður rekstrarafgangur er því 200.000.-

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikningana.

Helgi Helgason þakkaði skýrslu stjórnar. Mikið er framundan á næsta ári og væntir þess að hann geti lagt þar lið. Hann spurði um hvort ekki væri sótt um styrk vegna Íslandsmóts og eins um reiðvegafé.

Kristján Gíslason þakkaði formanni ómælda vinnu við breytingar á félagsheimilinu.

Formaður fór yfir gerð ársreiknings og reikningsskilaaðferð. Huga þarf að endurmati eigna félagsins þannig að verðmæti þeirra birtist með réttum hætti í ársreikningum.

Ekki báðu fleiri um orðið og bar fundarstjóri ársreikninginn undir atkvæði fundarmanna. Var hann samþykktur samhljóða.

4. Skýrslur nefnda

Rafmagnsnefnd: Guðmundur Arason fór yfir starfsemi rafmagnsnefndar á árinu. Rekstrarhagnaður ársins 129 þúsund. Fór hann einnig yfir þann hag sem félagsmenn hafa af því að reka rafmagnssjóðinn með þeim hætti sem nú er. Hann gat þess ennfremur að hann og Lilja gæfu ekki lengur kost á sér til starfa í nefndinni.

Mótanefnd: Kristján Gíslason form. mótanefndar flutti skýrslu mótanefndar. Fór hann yfir það sem á hennar borði var síðasta ár og eins það sem er væntanlegt framundan.

Reiðveganefnd: Marteinn Valdimarsson sagði frá starfi reiðveganefndar á starfsárinu. Sótt var um 2,8 millj. til reiðvegagerðar. Félagið fékk 850 þús. og var þeim peningum varið til lagfæringa á veginum vestur að Langá og aðeins til viðhalds á ræsum.

Skýrsla æskulýðsnefndar lá frammi á fundinum og verður birt á heimasíðu félagsins.

Jökull Helgason spurðist fyrir um lok vegagerðar að Langá (brot). Fram kom að það vanti 2,5, millj. til að ljúka vegi upp að Brennistöðum og út að Langá.

Helgi Helgason spurði um aðskilnað fjár til áningahólfa og reiðvega. Kemur það úr sitt hvorum sjóðnum.

Kaffihlé.

5. Heimsókn frá LH.

Fundarstjóri bauð Lárus Ástmar Hannesson formann LH og Jónu Dís Bragadóttir varaformann LH, gesti fundarins, velkomin til fundar og gaf Lárusi Ástmari orðið.

Lárus Ástmar þakkaði boðið á fundinn. Fór hann í upphafi yfir verkefni landsambandsins og hlutverk. Jóna Dís Bragadóttir: 40 ár eru síðan fyrst voru tekin inn hross hér í Vindási. Fór hún yfir starfið síðan þau Lárus komu inn í stjórn LH síðasta haust og einnig það sem framundan er. Hvatti hún félagið til að vera í góðu sambandi við LH og sækja þangað þá aðstoð sem í boði er.

Lárus Ástmar tók til máls aftur og hélt áfram þar sem Jóna Dís hætti. Ræddi félagsmál hestamanna og umhverfið sem hestamenn búa í núna. Vestlendingar eiga að halda fjórðungsmót og taka umræðu um framtíð Kaldármela. Finna þarf leiðir til að auka nýliðun í hestamenskunni. LH mun

gefa tveimur árgöngum 2005 og 2006 bókina „Heimur hestsins“ sem LH er að gefa út. Kynnti hann vinnu að LM 2016 að Hólum þar sem er að byggjast upp frábært svæði. Í góðu veðri verður þarna haldið tímamótamót. Stakk hann upp á því að vestlendingar tækju frá tjaldsvæði fyrir sig. Verið er að þróa gagnagrunn fyrir myndefni frá viðburðum LH. Reiknað er með að landsmót hefjist á mánudegi og ljúki á laugardegi.

Fungarstjóri þakkaði fróðleg erindi og gaf orðið laust. Fram kom að breytingar eru varðandi kynbótahross á LM. Nú verður ákveðinn fjöldi tekinn inn. Skógarhólar eru enn í eigu LH. Verið er að hugleiða stofnun hollvinasamtaka Skógarhóla enda bera margir taugar til staðarins.

Formaður Stefán Logi þakkaði gestum komuna og þeirra framlag til fundarins. Lagði hann út af máli gestanna og fór yfir upplifun sína af starfi LH. Kynnti síðan verðskrá LM í sumar en ódýrast er að kaupa miða fyrir áramót.

Jóna Dís þakkaði Stefáni Loga gott samstarf og góðar tillögur í starfinu. Rætt um aðstöðu fyrir hross á LM.

6. Innganga nýrra félaga og úrsagnir

29 nýir félagar hafa óskað eftir inngöngu í félagið, frá síðasta aðalfundi.

María Magnúsdóttir	Kveldúlfsgötu 20	310 Borgarnes
Birta Björk Birgisdóttir	Kveldúlfsgötu 20	310 Borgarnes
Magnús Baldur Birgisson	Kveldúlfsgötu 20	310 Borgarnes
Anna Berg Samúelsdóttir	Sóltúni 16a, Hvanneyri	311 Borgarnes
Auður Helgadóttir	Arnarkletti 32	310 Borgarnes
Stefanía Katrín Sveinsdóttir	Borgarvík 20	310 Borgarnes
Melanie Fyhn	Helgugötu 9	310 Borgarnes
Andrea Eðvaldsdóttir	Borgarbraut 28	310 Borgarnes
Dagrún Sunna Ágústsdóttir	Borgarbraut 28	310 Borgarnes
Viðja Sóllilja Ágústsdóttir	Borgarbraut 28	310 Borgarnes
Ingibjörg Marteinsdóttir	Stöðulsholti 10	310 Borgarnes
Baldur Pétursson	Stöðulsholti 10	310 Borgarnes
Björgvin Sigursteinsson	Kvistási	311 Borgarnes
Steinunn Brynja Hilmarisdóttir	Kvistási	311 Borgarnes
Aníta Björk Björgvinsdóttir	Kvistási	311 Borgarnes
Aþena Brák Björgvinsdóttir	Kvistási	311 Borgarnes
Ólöf Sunna Gautadóttir	Stöðulsholti 18	310 Borgarnes
Kristin Liga Ozolina	Egilsgötu 23	310 Borgarnes
Kristján Fjeldsted	Ferjukoti	311 Borgarnes
Line Sofie Henriksen	Steinsholti 1	301 Akranes
Sigríður Ólög Hafsteinsdóttir	Stöðulsholti 18	310 Borgarnes
Þorsteinn Garðarsson	Krossmóa 5	260 Reykjanesbæ
Ívar Oddur Þorsteinsson	Réttarholti 6	310 Borgarnes
Eiríkur Ingvason	Dílahæð 9	310 Borgarnes
Hrafn Hákonarson	Sóltúni 2a, Hvanneyri	311 Borgarnes

Birna Karen Þorleifsdóttir	Þorsteinsgötu 12	310 Borgarnes
Kristín Frímansdóttir	Kjartansgötu 1	310 Borgarnes
Stefán Þór Sigurðsson	Kjartansgötu 1	310 Borgarnes
Högni Gunnarsson	Miðskógum 2	225 Álftanes

Eftirtaldir hafa óskað úrsagnar eða verið afskráðir, frá síðasta aðalfundi.

Garðar Þorsteinsson	Furuvöllum 12	221 Hafnarfjörður
Klara Sveinbjörnsdóttir	Hvannatúni	311 Borgarnes
Sigursteinn Páll Sigurðsson	Álftártungu	311 Borgarnes
Skúli Pálsson	Kjartansgötu 19	310 Borgarnes
Ívar Orri Þorsteinsson	Berugötu 24	310 Borgarnes
Jón Gunnar Stefánsson	Berugötu 26	310 Borgarnes
Axel Örn Bergsson	Réttarholti 6	310 Borgarnes
Ása Hlín Svavarsdóttir	Berugötu 26	310 Borgarnes
Sveinn Harðarson	Berugötu 26	310 Borgarnes
Una María Óðinsdóttir	Berugötu 26	310 Borgarnes
Guðrún Ingadóttir	Kveldúlfsgötu 7	310 Borgarnes
Margrét Hildur Pétursdóttir	Kveldúlfsgötu 6	310 Borgarnes
Aldís Sunna Jónsdóttir	Hítarnesi	311 Borgarnes

Eftirtaldir eru felldir út af félagaskrá, vegna vanskila á árgjöldum.

Einar Karl Einarsson	Barðastöðum 9	112 Reykjavík
Guðmar Þór Pétursson	Staðarhúsum	311 Borgarnes
Johanna Schulz	Arnarkletti 22	310 Borgarnes
Margrét Hjartardóttir	Lækjarbrekku 1	311 Borgarnes
Ágúst Aron Guðmundsson	Lækjarbrekku 1	311 Borgarnes
Soffía Guðmundsdóttir	Karástöðum	311 Borgarnes
Stefán V. Guðmundsson	Lækjarbrekku 1	311 Borgarnes
Unnur Davíðsdóttir	Arnarkletti 30	310 Borgarnes

7. Kosningar

Formaður kynnti tillögur uppstillingarnefndar að skipan stjórnar og nefnda

Stjórn:

Stefán Logi Haraldsson, formaður	Kjörinn til 1 árs
Reynir Magnússon	Kjörinn til 2ja ára
Kristján Þ. Gíslason	Kjörinn til 2ja ára
Svanhildur Svansdóttir	Kjörinn til 1 árs
Sigurþór Óskar Ágústsson	Kjörinn til 1 árs

Varastjórn:

Sigríður Jóna Sigurðardóttir

Kjörin til 1 árs

Auður Ásta Þorsteinsdóttir

Kjörin til 2ja ára

Erla Rún Rúnarsdóttir

Kjörin til 1 árs

Skoðunarmenn reikninga:

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Marteinn Valdimarsson

Varaskoðunarmenn reikninga:

Jón J. Haraldsson

Helga Björk Þorsteinsdóttir

Æskulýðsnefnd: (6 manna)

Rósa Emilsdóttir, form.

María Magnúsdóttir

Andrea Eðvaldsdóttir

Auður Ósk Sigurþórsdóttir

Steinunn Brynja Hilmarisdóttir

Ólafur Axel Björnsson

Ferðanefnd: (5 manna)

Sigurður Arilússon, form.

Halldóra Jónasdóttir

Þorsteinn Hjaltason

Þorgeir Ólafsson

Davíð Sæmundsson

Skemmtinefnd (5 manna)

Magnús Níelsson, form.

Bragi Þór Svavarsson

Jón Kr. Kristjánsson

Guðbjörg Halldórsdóttir

Jökull Helgason

Reiðveganefnd: (5 manna)

Marteinn Valdimarsson, form.

Bjarni H. Johansen

Guðjón Guðlaugsson

Jón Guðjónsson

Stefán Þorsteinsson

Vallarnefnd: (5 manna)

Halldór Sigurðsson, form.

Reynir Magnússon

Hilmar Sigurðsson

Helgi K. Helgason

Stefán Hrafnkelsson

Firmanefnd: (5 manna)

Reynir Magnússon, form.

Arnar M. Gíslason

Helga Björk Þorsteinsdóttir

Jórunn Guðsteinsdóttir

Stefán Logi Haraldsson

Umhverfisnefnd: (5 manna)

Guðmundur Skúli Halldórsson, form.

Steinunn Árnadóttir

Óli Björgvin Hilmarsson

Janna Nowak

Helgi K. Helgason

Mótanefnd: (7 manna)

Kristján Þ. Gíslason, form.

Jón Kristján Sæmundsson

Hrannar Hjaltason

Helgi Baldursson

Erla Rún Rúnarsdóttir

Eiríkur Ingvason

Páll A. Svansson

Húsnefnd Félagsheimilis: (5 manna)

Ámundi Sigurðsson, form.

Sigurpór Óskar Ágústsson

Stefán Logi Haraldsson

Kristín E. Guðmundsdóttir

Pétur Ísl. Sumarliðason

Kaffinefnd: (6 manna)

Þóra Þorgeirsdóttir, form.

Sigríður Magnúsdóttir

Bjargey Magnúsdóttir

Guðbjörg Guðmundsdóttir

María R. Eypórsdóttir

Rannveig Heiðarsdóttir

Rafmagnsnefnd: (3 manna)

Rúnar Karl Jónsson, form.

Arnar M. Gíslason

Bjarni Hlynur Guðjónsson

Beitarnefnd: (5 manna)

Ólafur Þorgeirsson, form.

Andrés Jóhannsson

Sævar Þórisson

Sigurður Örn Sigurðsson

Magnús Ólafsson

Laganefnd: (3 manna)

Stefán Logi Haraldsson, form.

Jón Þór Jónasson

Marteinn Valdimarsson

Fræðslu- og kynbótanefnd (5 manna)

Anna Berg Samúelsdóttir, form.

Baldur Pétursson

Þór Fannberg Gunnarsson

Berglind Ýr Ingvarsdóttir

Hlöðver Hlöðversson

Uppstillingarnefnd:

Stjórn Skugga.

Fulltrúar á UMSB þing:

Stjórn Skugga velji fulltrúa á þingið

Fulltrúar á LH þing:

Stjórn Skugga velji fulltrúa á þingið

Tillögur uppstillingarnefndar samþykktar samhljóða með lófataki.

8. Félags – og hagagjöld

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu um árgjald 2016:

“Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 26. nóvember 2015, samþykkir að árgjöld fyrir árið 2016 verði:

Fullorðnir kr. 6.000,-

Makagjald kr. 3.000,-

Unglingar 13-16 ára kr. 3.000,-

Börn 12 ára og yngri Frítt

Félagsmenn 67 ára og eldri eru gjaldfrír frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

Greinargerð:

Innheimta árgjalda gengið yfirleitt vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni, þar sem fjárhagur félagsins er nokkuð stöðugur.“

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu um beitargjöld 2015:

„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 26. nóvember 2015, samþykkir að hagagjöld fyrir árið 2016 verði:

Sumarheit kr. 2.500,- fyrir hestinn

Haustbeit kr. 2.000,- fyrir hestinn

Heilsársbeit kr. 4.000,- fyrir hestinn

Greinargerð:

Ekki er gerð tillaga um hækkun á beitargjöldum, frá fyrra ári, enda hefur nýting og innheimta almennt gengið vel upp.

Áfram er þó gert ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sínum girðingum, hafi þeir haft þær áður. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum beitarhólfum sínum.”

Helgi Gissurarson bar fram tillögu um hækkun árgjalda þannig að félagsmenn hefðu aðgang að Faxaborg í stað þess að kaupa árs – eða mánaðarkort.

Formaður fór yfir þá annmarka á þessu fyrirkomulagi sem augljósir eru þar sem Faxaborg er rekin í hlutafélagi sem Faxi er einnig aðili að. Helgi dró tillöguna til baka í ljósi umræðu.

Tillaga um árgjald borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Tillaga um hagagjöld samþykkt samhljóða

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust um liðinn “önnur mál”

Formaður Skugga Stefán Logi lagði fram tillögu f. h. stjórnar um nafn á félagsheimilinu.

“Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 26. nóvember 2015, samþykkir tillögu húsnefndar félagsheimilisins að félagsheimilinu okkar verði gefið nafn og það hér eftir nefnt SKUGGABORG. Stjórn félagsins verði falið að auglýsa þessa nafngift og merkja húsið sem fyrst.

Greinargerð:

Húsnefnd félagsheimilisins telur að í tilefni af endurbótum á félagsheimilinu okkar sé tilvalið og tímabært að húsið sjálft fái sérstakt nafn, sem hæfi starfsemi og eigi skírskotun til félagsins sjálfs. Öfugt við almenna orðið skuggi þá er nafn félagsins okkar öllum félagsmönnum vonandi hvatning og ljósbirta í krafti þess mikla starfs sem fram fer í því. Sú þýðing sem húsinu er ætlað að vera fyrir starfsemi fær síðan meiri merkingu með viðbætinum „borg“. Við eigum hér stóra og góða reiðhöll sem ber nafnið Faxaborg og því vel við hæfi að okkar glæsilega félagsheimili beri nafnið SKUGGABORG.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Jökull Helgason tók til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi eðlilegt að haldin væri nafnasamkeppni og eins kom fram skoðun á því að ósanngarnt væri að koma með tillögu sem þessa án þess að hún sé kynnt fyrirfram meðal félagsmanna.

Í ljósi umræðu dró formaður tillöguna til baka.

Formaður lagði fram tillögu um að Hestamannafélagið Skuggi lýsti sig reiðubúið til að halda fjórðungsmót 2017 svohljóðandi:

“Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 26. nóvember 2015, samþykkir að fela stjórn félagsins að sækja um að halda Fjórðungsmót Vesturlands 2017 á svæði félagsins í Borgarnesi. Reiknað verði þá með að áfram standi félögin öll á Vesturlandi að framkvæmd, undirbúningi og fjármögnun mótsins sjálfs.

Greinargerð:

Aðstaða til að halda svona stórmót sem Fjórðungsmót þarf að vera góð og svara þeim kröfum sem gerðar eru til svona mótahalds. Aðstaðan sem í boði er hér í Borgarnesi hefur sífellt verið að aukast og batna, t.d. með tilkomu reiðhallarinnar Faxaborgar og uppbyggingu á keppnis- og æfingavöllum félagsins – en keppnisvöllurinn hér í Borgarnesi er nú talinn jafnast á við bestu keppnisvelli landsins, samkvæmt mörgum af fremstu knöpum okkar lands. Ljóst er að fleira þarf að koma til, svo sem nýr kynbótavöllur og aðgengi að fjölmörgum hesthúsum og góðri skammtíma-beitaraðstöðu á svæðinu. Með samhentum átaki félagsmanna og eigenda hesthúsa í hesthúshverfinu okkar og í næsta nágrenni Borgarness ætti að vera hægt að mæta þeim kröfum sem uppá vantar. Þá þarf einnig að taka höndum saman við sveitarfélagið og tryggja að næg aðstaða verði til staðar fyrir þá sem þurfa á tjaldsvæði og stæðum fyrir ferðavagna að halda, með rafmagni og allri nauðsynlegri snytriaðstöðu. Auk þess að treysta á gott samstarf við sveitafélagið um nauðsynlegar breytingar á skipulagi svæðisins, til langs og skamms tíma.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Helgi Helgason tók til máls og lýsti stuðningi við tillöguna.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kristín Erla Guðmundsdóttir húsvörður félagsheimilisins brýndi félagsmenn sem nota húsið til að ganga vel um og láta skilyrðislaust vita fyrirfram um fundi eða samkomur.

Fundarstjóri minnti fundarmenn á að þátttaka í starfi félagsins er skemmtilegt og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu.

Nýkjörinn formaður Stefán Logi tók til máls. Bauð hann fundarmönnum bókina frá LH til kaups ef einhver vildi. Þakkaði hann síðan starfsmönnum störfina og fundarmönnum fyrir góðan fund. Að svo mæltu sleit hann fundi.

